

FUNDARGERÐ

Miðvikudaginn 16. júlí 2014 kl. 10:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsaáskynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómhúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sat nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur og Halldóri V. Kristjánssyni. Í fjarfundarsambandi voru Guðmundur Bjarnason formaður, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir. Björk Þorsteinsdóttir og varamaður hennar voru fjarverandi.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 11. júní 2014. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIDLEIKA

Reykjanesbær – Umsókn um framlag vegna úttektar á rekstri sveitarfélagsins

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjanesbæjar, dags. 26. júní 2014. Í erindinu er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna vinnu við óháða fjárhagslega úttekt á rekstri sveitarfélagsins sem samþykkt var af bæjarstjórn og bæjarráði í apríl sl. að ráðast í vegna slæmrar skuldastöðu sveitarfélagsins.

Í erindinu kom jafnframt fram að til verkefnisins hafi verið ráðnir tveir sérfræðingar og er þeim m.a. ætlað að gera rekstrargreiningar á A-hluta sveitarsjóðs og koma þar með tillögur til úrbóta. Áætlað er að kostnaður vegna verkefnisins nemi allt að 11,0 m.kr.

Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að erindi Reykjanesbæjar væri samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna – Sóknaráætlun

Á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 27. október 2011 eru til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25,0 m.kr. á árunum 2012, 2013 og 2014 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna hvað framkvæmd þeirra samstarfsverkefna varðar, sem samtökin hafa tekið að sér í kjölfar samninga við ríki þar um. Verkefni tengjast sóknaráætlun landshluta og varða hagsmuni allra sveitarfélaga á starfssvæði samtakanna. Framlögum er úthlutað á grundvelli sérstakra verkefna, skv. f. lið 7. gr., sbr. 11. gr. reglugerða um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 960/2010.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlagi að fjárhæð allt að 25,0 m. kr. væri úthlutað eftir sömu reiknireglu og áður þar sem tekið er mið af stærð svæðis, vegalengda til Reykjavíkur og kostnaðar vegna verkefnavinnu. Jafnframt samþykkti nefndin að aflað væri upplýsinga um þau verkefni landshlutasamtakanna á árinu 2014 er tengdust sóknaráætlun landshluta.

Sandgerðisbær – Íþyngjandi kostnaður vegna fóstmála

Lögð var fram til kynningar fyrirspurn Sandgerðisbæjar, dags. 23. júní 2014, um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaðarauka sveitarfélagsins á árinu 2014 vegna vistunar barna utan heimilis á grundvelli barnaverndarlaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að afgreiðslu fyrirspurnarinnar væri frestað til næsta fundar nefndarinnar og fyrirspurnin skoðuð betur á milli funda.

FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU

Tillögugerð að uppgjöri framlaga vegna skólaársins 2013 - 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að uppgjöri framlaga til eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda skólaárið 2013-2014. Ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaga nam 520,0 m.kr.

Lagt var til að 505,0 m.kr. væri dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda þ.e. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi. Þær 15,0 m.kr. sem út af standa renna til framlaga á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar, framlaga vegna langtímaforfalla á grundvelli 6. gr. reglugerðarinnar o.fl.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að tillagan að uppgjöri framlaga á skólaárinu 2013 - 2014 væri samþykkt. Uppgjör fer fram við greiðslu framlaga í lok ágúst þar sem því verður viðkomandi eða af greiðslum vegna skólaársins 2014–2015.

Tillögugerð að áætlun um úthlutun framlaga vegna skólaársins 2014-2015

Í viðauka við samkomulag um eflingu tónlistarnáms og um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. mars 2014 kemur fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið, f.h. ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga séu sammála um að framlengja gildistíma samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms til 31. desember nk. Samkomulagið var undirritað 13. maí 2011 og gildi til 31. ágúst sl. Jafnframt framlengist gildistími samkomulags milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, frá 5. október 2011, til jafnlangs tíma, þ.e. til 31. desember 2014, með áorðnum breytingum.

Áætlað er að ráðstöfunarfjármagn til greiðslu framlaganna nemi 520,0 m.kr. á skólaárinu. Lagt er til að 505,0 m.kr. verði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, nr. 23/2013, þ.e. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi. Um jafnar mánaðarlegar greiðslur er að ræða til kennslusveitarfélaga nemendanna á skólaárgrunni, þ.e. á tímabilinu september til ágúst. Samkvæmt áætlun mun mánaðargreiðsla til sveitarfélaga nema um 42,0 m.kr. eftir að tekið hefur verið tillit til ofgreiðslu framlaga á skólaárinu 2013-2014.

Eftirstöðvar framlaganna, 15,0 m.kr., munu eins og áður renna til úthlutunar framlaga á grundvelli 7. gr. en þau framlög renna til lögheimilissveitarfélaga nemenda vegna náms á grunnstigi í söng og grunn- og miðstigi í hljóðfæraleik, vegna kostnaðar af langtímaforföllum o.fl.

Eigi síðar en 10. október nk. ber sveitarfélögum að senda til Jöfnunarsjóðs endanlega nemenda og kennsluskrá vegna viðurkenndra tónlistarskóla í sveitarfélögunum. Endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaga verður lögð fram í lok október og gildir fyrir skólaárið 2014 - 2015. Við greiðslu framlaga í október fer fram leiðrétting vegna septembermánaðar.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna hljóðfæranáms á grunn- og miðstigi og söngnáms á grunnstigi, sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, munu verða birtar þegar endurskoðuð áætlun um úthlutun framlaga skólaárið 2014 – 2015 á grundvelli 2. mgr. 1. gr. liggur fyrir.

Ráðgjafarnefndin samþykkti framangreinda tillögu um áætlaða úthlutun framlaganna skólaárið 2014 – 2015 með fyrirvara um framlengingu samkomulagsins út skólaárið.

Nefndarmennirnir Bjarni Jónsson og Hermann Jón Tómasson viku af fundi þegar fjallað var um þeirra sveitarfélög.

ÖNNUR MÁL

Samband íslenskra sveitarfélaga – Reykjavíkurborg

Ráðstöfun á tekjuauka Jöfnunarsjóðs vegna sérstaks bankaskatts

Lagt var fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. júlí 2014, ásamt bréfi Reykjavíkurborgar, dags. 24. júní 2014, um ráðstöfun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á tekjuauka vegna sérstaks bankaskatts og um tilnefningu síðar á árinu í ráðgjafarnefnd um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í bréfi Sambandsins er jafnframt gerð grein fyrir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundi stjórnarinnar 27. júní sl. um að fylgt verði eftir hugmyndum þeim sem fram koma í framangreindu bréfi borgarstjórans í Reykjavík um ráðstöfun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á tekjuauka vegna sérstaks bankaskatts.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að óskað væri eftir fundi á næstunni með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga um mögulega ráðstöfun á framangreindri tekjuaukningu sjóðsins vegna bankaskattsins. sbr. bréf Sambandsins frá 1. júlí sl.

Boðað verður sérstaklega til næsta fundar.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:30.

Halldór V. Kristjánsson